

## 2. bekkur upplýsinga- og tæknimennt

---

Kennarar: Monika Jónsdóttir; Regína Bergdís Erlingsdóttir

### Lýsing

Námssviðið upplýsinga- og tæknimennt felur í sér; miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Nemendur eiga að greina hvaða upplýsinga er þörf, leita að þeim leggja á þær gagnrýnið mat, og auka þannig þekkingu sína og nýta með ýmsum miðlum til að ná tilteknu markmiði. Í upplýsinga- og tæknimennt er unnið eftir hæfnimarkmiðum Aðalnámskrár frá 2013.

### Markmið

Megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi. Tæknifærnin felur m.a. í sér getu til að nýta ýmis tæki, tæknibúnað og fjölbreyttar úrvinnsluleiðir, tæknilæsi að nýta tækjabúnað til að afla sér þekkingar og miðla henni, upplýsingalæsi felur í sér hæfni í að afla, flokka og vinna úr upplýsingum á gagnrýninn og skapandi hátt og miðlalæsi felur í sér hæfni til að greina, ná í, meta og búa til miðlaskilaboð. Nemendur verða þannig læsir á texta, myndir og töluleg gögn, ná góðri tæknifærni, fingrasetningu og hæfni á sviði upplýsinga- og miðlalæsis.

### Námsefni

Tölvur, Ipad og efni frá kennara.

### Kennsluaðferðir

Misjafnt er hvernig eða hvar vinna í upplýsingaveri fer fram. Hún getur ýmist verið á skólasafni, í samvinnu við tölvuver eða með notkun tækja og búnaðar í stofu bekkjarins, í rými sem notað er til sjálfstæðrar eða stýrðrar vinnu. Vinnan getur einnig farið fram á mismunandi svæðum. Með upplýsingaverinu skapast jafnframt tækifæri til frekari samvinnu, s.s. við almenningsöfn, önnur upplýsingaver og í gegnum verkefni á sviði upplýsingatækni og miðlunar, sem unnin eru í skólanum. Upplýsingaver veitir nemendum möguleika á að vinna á fjölbreytilegan hátt, bæði sjálfstætt og í hópi undir leiðsögn kennara og annars fagfólks. Þar gefast tækifæri til að bjóða fram flókin verkefni, einstaklingsmiðun, möguleika fyrir nemendur til að vinna í takt við eigið áhugasvið og þarfir.

### Námsmat

Þátttaka í samræðum, tjáning og virkni.

### Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 1.-4.bekk

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**

### Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 1.-4.bekk - Vinnulag og vinnubrögð

- Nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms.
- Gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði.
- Nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag.
- Beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum.
- Sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn.

### Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 1.-4.bekk - Upplýsingaöflun og úrvinnsla

- Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu.
- Nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna.
- Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni.
- Nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á einföldum tölulegum gögnum.

### Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 1.-4.bekk - Tækni og búnaður

- Notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni og framsetningu tölulegra gagna.
- Notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu.
- Nýtt hugbúnað við einfalda vefsíð.

### Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 1.-4.bekk - Sköpun og miðlun

- Notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.

## Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 1.-4.bekk - Siðferði og öryggismál

- Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga.
- Farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra.